

*Félag kennara á eftirlaunum*

# *FKE-fréttir*

*1. töl. 36. árg. - 1. janúar 2016*



Myndirnar tók Kristján Sigfússon

## ***Árshátíðin verður 4. mars kl. 19*** **á Grand Hótelu við Sigtún.**

Aðgangseyrir er óbreyttur frá fyrra ári - kr. 6000 og skal greiða inn á reikning félagsins, reikningsnúmer: 0313-26-004211, kt. 421190-1359, ekki seinna en 1. mars.

Það er nauðsynlegt vegna skipulags hótelsins.

Aðgöngumiðarnir verða svo afhentir við innganginn.

Þeir gilda einnig sem happdrættismiðar.

## Fræðslu- og skemmtifundir

halda áfram á nýju ári á Grand Hótelu við Sigtún. Spiluð er félagsvist, en að henni lokinni, um kl. 15:00, er alltaf einhver dagskrá. Þau sem ekki spila njóta veitinga, spjalla við kunningja og fylgjast með myndasýningum þar sem sýndar eru myndir úr starfi félagsins.

Veitingar eru seldar af kaffihlaðborði. Verðið er kr. 2000.

Fundirnir eru á fyrsta laugardegi hvers mána þar, nema of nærri sé áramótum – eins og gerist í janúar á þessu ári.

Frávikin eru feitletruð hér fyrir neðan.

**Við mætum upp úr kl. 13:00 svo að við getum byrjað spilið stundvíslega kl. 13:30.**

Fundirnir verða:

- 9. janúar** ..... Eftir kaffið mun Eyrún Ingadóttir sagnfræðingur verða með innlegg.
- 6. febrúar ..... Fundarefni ekki ákveðið.
- 4. mars ..... Árshátíð, sjá nánar á forsíðu
- 2. apríl..... Bókmenntaklúbburinn stýrir dagskrá eftir kaffið.
- 7. maí..... Aðalfundur FKE eftir kaffið. Venjuleg aðalfundarstörf.

**FKE-fréttir** - þetta tölublað - verður borið heim til þeirra sem ekki hafa uppgengið netfang. Það flýttir dreifingu og minnkar kostnað félagsins ef allir sem hafa netfang - en fengu samt þetta eintak borið heim að dyrum láta vita af netfanginu sínu með því að senda póst á [FKE@simnet.is](mailto:FKE@simnet.is).

**Allir sem eru á netpóstskrá félagsins** fá blaðið sent í netpósti. Þannig sparast félaginu sendingarkostnaður um leið og það hraðar afhendingu blaðsins til þeirra félagsmanna.

## Fundir bókmenntaklúbbsins

verða í Kennarahúsinu við Laufásveg annan hvern fimmtudag frá kl. 13:30 til u.þ.b. 15:30.

Ingibjörg Júlíusdóttir og Valborg Baldvinsdóttir leiða starfið.

Fundir klúbbsins verða þessa daga:

7. og 21. janúar,                      4. og 18. febrúar,

3. og 17. mars,                        7. apríl.

---

## EKKÓkórinn

æfir kl. 16:30 alla þriðjudaga frá 12. janúar í húsi Uppeldis- og menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð (Kennaraháskólanum).

Í haust hafa kórnum bæst nýir félagar en það er alltaf pláss fyrir fleiri. Ef þú vilt vera með er einfaldast að mæta bara á æfingu eða hafa samband við formann kórsins, Guðfinnu Ingu Guðmundsdóttur, í síma 552-4831.

Stjórnandi kórsins er Bjartur Logi Guðnason.

---

## Tölvustarf

Ákveðið hefur verið að fella niður leiðsögn og kennslu um tölvu-notkun, sem hefur verið í höndum Gísla Ólafs Péturssonar í mörg ár. Honum eru jafnframt þökkuð frábær störf við þessa kennslu. Óvíst er að þessi þáttur starfsins verði tekinn upp að nýju.



Mynd, Halldór Þórðarson

## Sumarferðir

Farin verður eins dags ferð, að líkindum í júlí.

Fyrirhuguð er fjögurra daga ferð um Vestfirði dagana 30. ágúst til 2. september. Hámarksfjöldi í þessa ferð, sem verður með nokkuð stífri dagskrá, er 60 manns.

Báðar þessar ferðir eru í vinnslu og verður greint nánar frá þeim í maíblaði FKE-frétta. ***Þar mun koma fram hvaða dag skráning í ferðirnar hefst.***

### Þekkir þú kennara sem eru að fara á eftirlaun?

Bentu þeim á að skrá sig í FKE. Eitt símtal nægir.

Fjola Ósk Gunnarsdóttir í Kennarahúsinu tekur við skráningum í síma 595-1111 – og í netfangið fjola@ki.is.

Aðild að félaginu er ókeypis auk þess sem skráningin viðheldur FKE-aðgangi að Orlofsjóðnum.

Markmið okkar er að sem flestir kennarar, sem hættir eru störfum, njóti þess sem félagið hefur að bjóða.

### Stjórn og varastjórn Félags kennara á eftirlaunum:

Þóra A. Guðmundsdóttir.....	867 6871 .....	albertag@simnet.is
Þóra Kristinsdóttir.....	894 5555 ...	thoraunnur@simnet.is
Pétur Bjarnason .....	892 0855 ..	peturbjarna@internet.is
Guðrún Lára Ásgeirsdóttir.....	896 5457 .....	glasg@simnet.is
Kristján Sigfússon.....	867 4831 ...	ksigfusson@yahoo.com
Halldór Þórðarson.....	893 6099 .....	hallth44@gmail.com
Guðrún Ólafía Samúelsdóttir ...	864 9669 ..	mosarima35@simnet.is